126 28. desbr.

22. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. janúar 1904.

Þetta auglýsist almenningi til eptirbreytni.

Reykjavík, 28. desbr. 1903.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Fyrirmynd.

Skýrsla

um fjárbaðanir í ..... hreppi í ..... sýslu

á tímabilinu frá ..... mán. til ..... mán. 190

Tala	Heimili	Tala fjár, sem baðað er einu sinni	Mánaðardagur, þegar böðun fer fram í fyrsta skipti	Tala fjár, sem baðað er í annað sinn	Mánaðardagur, þegar önnur böðun fer fram	Tala fjárhúsa, sem hreinsuð eru	Tóbak, sem notað er við hverja böðun, pund	Hversu marga daga fjeð var haft inni eptir böðunina	Hvernig rækti húsbóndinn skyldur sínar?	Athugasemdir:
1.	Grund	60	1. nóv.	...	...	3	18	8	ágætl.	[1]) Menn höfðu eigi tekið eptir útbrotunum, fyrri en baðað var.
2.	Eyri	100	2. nóv.	...	...	4	30	8	ágætl.	
3.	Hamar[1]	20	3. nóv.	...	...	2	8	8	ágætl.	
4.	Grímsstaðir	300	3. 5. 7. nv.	12	7. nóv.	6	90	8	ágætl.	[2]) Húsbóndinn kærður fyrir að synja um hjálp við böðunina.
5.	Granastaðir	50	8. nóv.	...	...	2	15	8	illa[2]	

Samþykkt

um breyting á 4. gr. í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 1. ágúst 1902.

127 28. desbr.

Í stað 1. málsgr. í 4. gr. komi:

»Í fátækranefndinni eiga sæti 5 bæjarfulltrúar, og kýs hún sjálf formann sinn«.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur 17. desbr. 1903.

Halldór Daníelsson, Halldór Jónsson, Kristján Jónsson, Kristján Þorgrímsson, Sighvatur Bjarnason, Hannes Hafliðason, Magnús Einarsson, Sig. Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, G. Björnsson, Tr. Gunnarsson, Þórh. Bjarnarson, Jón Magnússon.

* * *

Samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872, 31. gr., staðfestist hjermeð framanskrifuð samþykkt um breyting á 4. gr. í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 1. ágúst 1902. **127** 28. desbr.

Reykjavík, 28. desbr. 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

um próf iðnaðarnemanda og umsjón með því.

128

Samkvæmt 10. gr. í lögum nr. 15, 16. septbr. 1893, um iðnaðarnám, eru settar eftirfarandi reglur um próf iðnaðarnemanda og umsjón með því. 28. desbr.

I. kafli. Viðfangsefni prófanna.

1. gr.

Prófin eru ýmist haldin í dráttlist og verklagni, ýmist í verklagni einni saman.

2. gr.

Þeir iðnaðarmenn, sem hjer verða nefndir, eiga að sýna kunnáttuprót bæði í dráttlist og verklagni, og er viðfangsefni þess þannig ákveðið: **a**) pjátrarar: fyrst skulu þeir gera dráttmynd, er gild sje tekin, af tesuðuvjel, kaffikönnu eða blómkeri, og smíða svo hlutinn eptir henni; **b**) buðkarar: að gera dráttmynd af keri eða tunnu með tiltekinni lögun og rúmfangi, og reikna ílátið út, og smíða svo eptir myndinni ölker eða annað ílát, sem almennt er tíðkað; **c**) rennismiðir: Þeir skulu renna og gljáfægja holt skrautker eða handriðsspela (balustre) úr trje, eða smærri smíðisgrip úr beini, horni eða málmi, þann er prófnefndinni þykir nægilegur, samkvæmt dráttmynd af hlutnum, er þeir hafa sjálfir gert og gild hefur verið tekin; **d**) drifsmiðir (gjörtlarar): eptir dráttmynd, sem þeir gjöra sjálfir og gild er tekin, eiga þeir að móta, steypa og fullgera ljósastiku eða vatnskrana, beizlisstengur eða svipuskapt; **e**) gullsmiðir: eptir dráttmynd, sem þeir gera sjálfir og gild er tekin, eiga þeir að smíða brjóstnál eða armband úr gulli, eða sykurskál, súpuausu, kökuskeið eða fiskskeið, belti eða koffur úr silfri; **f**) hjólsmiðir eða vagnsmiðir: eptir dráttmynd, sem þeir gera og gild er tekin, að smíða fremri hjólás eða hjól í stórvagn fjórhjólaðan, lokaðan (karet) eða því um líkan vagn annan; **g**) lásasmiðir: eptir dráttmynd, er þeir hafa gert og gild er tekin, að smíða alfóðraða skrá með lykli, eða skrúfheldu [»skrúfstykki), 32 punda eða þaryfir; **h**) eirsmiðir; Eptir dráttmynd, er þeir gera og gild er tekin, að smíða rauðan eða gljáfægðan teketil eða kaffi-